

Háskólaráðsfundur, Bifröst 16. janúar 2013, kl. 14:00

Mætt: Bryndís Hlöðversdóttir, Stefán Sveinbjörnsson, Lee Ann Maginnis, Andri Björgvin Arnþórsson, Hallur Jónasson, Viktor Elísson, Guðmundur Ólafsson, Signý Óskarsdóttir, Ollý Björk Ólafsdóttir, Jón Freyr Jóhannsson og Maj-Britt Hjördís Briem sem ritaði fundargerð.
Fjarverandi: Jón Ólafsson, Aagot V.Óskarsdóttir,

1. Fundargerð síðasta fundar.

- a. Fundargerð síðasta fundar samþykkt með minniháttar breytingum.

2. Prófnúmer

- a. Hjalti R. Benediktsson umsjónarmaður kennslukerfa kynnti notkun og framkvæmd prófnúmera fyrir Háskólaráði. Ábendingar höfðu borist um að nafnlaus próf væru rekjanleg með því að skoða skjalaeigindi þeirra skjala sem skilað var. Erfitt er að koma í veg fyrir slík en nemendur geta sjálfir eytt skjalaeigindunum áður en þeir skila prófskjali. Tillaga um að breyta verklagi við framkvæmd nafnleyndar og nemendur látnir breyta prófaskjöldm sínum áður en þeim er skilað. Prófareglum fyrir kennara og prófstjór verður breytt með þetta í huga (F250). Umræður. Hjalti mun skoða ábendingar þess efnis hvort betra sé að nemendur séu með sama prófnúmerið eða hvort nemendur fái ný prófnúmer á hverri önn.

3. Prófareglur (F250)

- a. Endurskoðaðar prófareglur lagðar fyrir Háskólarád til samþykktar. Nýmæli reglnanna kynnt og einkum sú breyting að heimildir til þriðja prófamöguleika eru þrengdar verulega. Umræður um hver skuli bera ábyrgð á útreikningi lokaekunnar þ.e. kennslusvið eða kennarar. Í prófareglunum ber kennslusvið ábyrgð á útreikningi lokaekunnar og er því vísað til fagráðs. Tillaga frá Háskólaráði þess efnis að prófnúmer skuli notað í öllum prófum, bæði í stað og fjarnámi samþykkt. Ennfremur þarf að endurskoða reglurnar með tilliti til nafnleyndar/prófnúmera. Að öðru leyti voru prófareglurnar samþykktar.

4. Inntökuferli – verkferlar

- a. Rektor kynnr skjal V110 – inntaka nemenda. Mikilvægt er að standa vel að inntöku nemenda. Hér eftir verða allar umsóknir vistaðar hjá starfsmanni kennslusviðs sem býður nemendur velkomna, kallar eftir frekari gögnum og býður nemendum í viðtal. Slíkt skipulag stuðlar að því að inntökuferlið verði samfellt. Umræður.

5. Nýtt skipulag frumgreinanáms

- a. Rektor rekur forsögu málsins. Frumgreinanámið var endurskoðað í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 og mun hér eftir heita Háskólagátt – undirbúningsnám Háskólans á Bifröst. Drög að námskrá Háskólagáttar lögð fyrir háskólaráð. Í drögunum kemur fram að lengd náms séu tvær annir en námið byggir á sömu sex grunnþáttum (leiðarljósum) sem gert er ráð fyrir að fléttist inn í nám á framhaldsskólastigi en þau endurspeglu menntastefnu íslenskra stjórnvalda. Þessir þættir eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun. Drögin samþykkt.

6. Önnur mál

- a. Íbúðalánasjóður og Háskólinn á Bifröst.
 - i. Spurt var um íbúðarlánasjóð og samskipti hans við Háskólann á Bifröst. Staðan er óbreytt.
- b. Dagmamma/leikskóli.
 - i. Stefán Sveinbjörnsson hefur verið að skoða það með starfsmönnum leikskólans hvort að börn komist fyrr inn á leikskólann, jafnvel 15 mánaða, svo pláss losni hjá dagmömmu en erfitt er að koma börnum að hjá dagmömmu.
- c. Náskeiðið Forysta og stjórnun.
 - i. Nemendur vilja skoða það að stofna hæsnabú í samstarfi við leikskólann og með leyfi Háskólans á Bifröst og Borgarbyggðar. Umræður. Nemendur hvattir til að taka þátt í síku verkefni sem verður að vinna í sátt við íbúa og samfélagið.
- d. Stjórnsmáladagur á vorönn.
 - i. Umræður um að hafa stjórnsmáladag þ.e. dag sem helgaður er stjórnsmálum og fá stjórnsmálaleiðtoga hingað á sérstökum stjórnsmáladegi. Nemendur hvattir til að halda slíkan dag.
- e. Miðvikudagsfyrirlestrar.
 - i. Ábendingar um það frá Miðstjórn nemendafélagsins að stjórnsmálafundir henti illa í miðvikudagsfyrirlestra þar sem nemendur fá mætingu og einingar. Óskað eftir því að nemendur fái að koma að frekari skipulagningu miðvikudagsfyrirlestra. Haft verður samband við umsjónarmann miðvikudagsfyrirlestra hvað þetta varðar.

Fundi slitið 15:40.